**Fundargerð**

183. fundur íþrótta- og tómstundaráðs, haldinn að Tjarnargötu 12
11. júní 2024, kl. 11:00

Viðstaddir: Friðþjófur Helgi Karlsson formaður, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir og Sindri Kristinn Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Rúnar Vífill Arnarson formaður íþróttabandalags Reykjanesbæjar og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Birgir Már Bragason boðaði forföll.

Íþrótta- og tómstundaráð samþykkti samhljóða að tekið yrði á dagskrá Beiðni um fjárstuðning vegna Íslandsmóts hjá GS og ósk um nýjan samning (2024040408). Fjallað er um málið undir dagskrárlið 9.

* * *

1. **Nettóhöll - kynning á framkvæmd samnings (2023080210)**

   Ragnar Aron Ragnarsson framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Keflavíkur, Ingi Þór Þórisson framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar UMFN og Hámundur Örn Helgason framkvæmda- og íþróttastjóri UMFN mættu á fundinn og fóru yfir hvernig hafi gengið í Nettóhöllinni frá því að félögin hófu að manna vaktir í höllinni.

   Íþrótta- og tómstundaráð þakkar fyrir góða kynningu.

2. **Beiðni Körfuknattleiksdeildar Keflavíkur um kaup á stúkum (2024050509)**

   Beiðni Körfuknattleiksdeildar Keflavíkur um kaup á stúkum fyrir deildina.

   Íþrótta- og tómstundaráð tekur undir mikilvægi þess að verða við beiðninni og vísar til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2025.

   Að auki óskar íþrótta- og tómstundaráð körfuknattleiksdeildinni til hamingju með frábæran árangur á liðinni leiktíð.

3. **Samningur um umsjón Akademíunnar - framlenging (2024050521)**

   Íþrótta- og tómstundaráð samþykkir að samningurinn verði framlengdur út árið 2025.

4. **Fjármálastjóri UMFN - kynning (2024060007)**

   Ágústa Guðmarsdóttir fjármálastjóri UMFN og Hámundur Örn Helgason framkvæmda- og íþróttastjóri UMFN mættu á fundinn og gerðu grein fyrir fjármálum félagsins og því starfi sem hún er að inna af hendi fyrir félagið.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar Ágústu Guðmarsdóttur og Hámundi Erni Helgasyni fyrir greinargóða kynningu.

5. **Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja - skipan vinnuhóps (2022050239)**

   Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir hvernig vinnuhópur um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja er skipaður og fór yfir fyrsta fund vinnuhópsins. Fundargerð og vinnugögn samþykkt.

6. **Ársskýrsla og reikningar Nes íþróttafélags (2024030119)**

   Ársskýrsla og reikningar Nes íþróttafélags lagðir fram.

7. **Beiðni um kaup á fimleikabúnaði fyrir Fimleikadeild Keflavíkur (2024060025)**

   Íþrótta- og tómstundaráð tekur undir mikilvægi þess að verða við beiðninni og vísar til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2025.

8. **Málefni fv. Glímudeildar UMFN (2023110166)**

   Málefni deildarinnar rædd. Íþrótta- og tómstundaráð ákveður að kaupa ekki þann búnað sem deildin hefur boðið ráðinu til kaups.

9. **Beiðni um fjárstuðning vegna Íslandsmóts hjá GS og ósk um nýjan samning (2024040408)**

   Sverrir Auðunsson frá Golfklúbbi Suðurnesja mætti á fundinn og tók fyrir erindi er varðar fjárstuðning til klúbbsins vegna Íslandsmóts í golfi sem haldið verður á Hólmsvelli í Leiru í júlí og drög að nýjum samning við klúbbinn.

   Íþrótta- og tómstundaráð getur ekki orðið við erindinu um fjárstuðning enda ekki á fjárhagsáætlun ráðsins en tekur á hinn bóginn undir erindið og vísar því í bæjarráð.

   Íþrótta- og tómstundaráð tekur undir með Golfklúbbi Suðurnesja að mjög mikilvægt er að gera samning við klúbbinn sem er í samræmi við sambærilega golfklúbba á Íslandi og vísar drögum að nýjum samningi til fjárhagsáætlunarvinnu haustsins.

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar óskar íbúum Reykjanesbæjar til hamingju með 30 ára afmælið og hvetur bæjarbúa til að taka þátt í skipulögðum viðburðum sem eru haldnir í tilefni afmælisins og hægt er að kynna sér á 30ara.is.

______________________________

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.08